



Hreppsnefnd 29.06.06

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 29. júní 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur Ármannsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri og ritaði hann fundargerð.

Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 14. júní sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 14. júní sl.,
Nýjum hreppsnefndarmönnum sem ekki höfðu verið á fyrsta fundi nýrrar hreppsnefndar var óskað til hamingju með kjörið.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar
– Fyrri umræða-

Lögð fram drög að samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirleggjandi samþykktum.

Lagði hann síðan til að fyrirleggjandi samþykktum yrði vísað til síðari umræðu.

Talsverðar umræður urðu síðan um fyrirleggjandi drög að samþykktum. Þar sem hreppsnefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og komu með gagnlegar ábendingar um atriði sem betur mættu fara.

Oddviti lagði síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd samþykkir að vísa fyrirleggjandi samþykktum til síðari umræðu. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að á því kjörtímabili sem framundan er verði ekki kosið í hreppsráð. Milli umræðna verði skoðað með hvaða hætti þurfi að sníða samþykktirnar til miðað við það. Í þessu sambandi verði sérstaklega skoðaður IV. kafli fyrirleggjandi samþykktu.”

Fyrirleggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

Aðrar tillögur varðandi breytingar á samþykktunum verða afgreiddar við síðari umræðu.

3. mál Kosning í eftirtaldar nefndir:

- 1) Atvinnumálanefnd
- 2) Jafnréttisnefnd
- 3) Æskulýðs- og íþróttanefnd
- 4) Umhverfismálanefnd

Svofelldar tillögur komu fram um aðal- og varamenn í nefndirnar:

a) Atvinnumálanefnd 5 aðalmenn og 3 til vara

Tillaga:

Aðalmenn:

Árni Magnússon

Magnús Róbertsson

Guðmundur W. Stefánsson

Helgi Þorsteinsson

Guðjón Böðvarsson

Vara:

Brynjar Joensen

Reynir Árnason

Vigfús Davíðsson

Minnihlutinn óskaði eftir að þessi nefnd yrði samþykkt með fyrirvara, þar sem ekki hafði náðst í einn fulltrúa.

Tillagan þannig samþykkt samhljóða

b) Jafnréttisnefnd 5 aðalmenn og 3 til vara

Tillaga:

Aðalmenn:

Brynjar Joensen

Ágústa Þorkelsdóttir

Ása Sigurðardóttir

Kristján Guðjónsson

Sigríður Elva Konráðsdóttir

Vara:

Víðir Davíðsson

Júlianna Þ. Ólafsdóttir

Jónína Gísladóttir

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

c) Æskulýðs -og íþróttanefnd 5 aðalmenn og 3 til vara

Tillaga.

Aðalmenn:

Gísli Arnar Gíslason

Kristín Reynisdóttir

Linda Björk Stefánsdóttir

Ester Rósa Halldórsdóttir

Hrafnhildur Helgadóttir

Vara:

Helgi Ásgeirsson

Helga Geirsdóttir

Nikulás Hjaltason

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

d) Umhverfismálanefnd 5 aðalmenn og 3 til vara

Tillaga:

Aðalmenn:

Dagný Sigurjónsdóttir

Þórður Helgason

Helena Leifsdóttir

Helga Jakobsdóttir
Jóhann Róbertsson

Vara:
Hrund Snorradóttir
Sigríður Edda Guðmundsdóttir
Guðjón Böðvarsson

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

Oddviti gerði grein fyrir vanhæfi og hæfi nefndarmanna skv. sveitarstjórnarlögum og spunnust nokkrar umræður út frá því.

4. mál Vínveitingaleyfi

a) Bréf Olla sjoppu frá 23. júní sl., þar sem sótt er um léttvinsleyfi.

Við afgreiðslu þessa máls vék Ólafur Ármannsson af fundi og Eyjólfur Sigurðsson tók sæti hans á meðan.

Tekið fyrir bréf Olla sjoppu frá 23. júní sl., þar sem óskað er eftir léttvinsleyfi í veitingasal Olla sjoppu. Enda séu til staðar nauðsynleg leyfi sem eru skilyrði fyrir slíku leyfi.
Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd mælir með því að á Ollasjoppu sé rekin almennur veitingastaður. Hreppsnefnd samþykkir jafnframt að veita léttvinsleyfi á Olla sjoppu tímabundið til eins, árs enda liggja fyrir öll tilskilin leyfi.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

b) Vínveitingaleyfi til handa Bræðrum og systur ehf. á Hótel Tanga. Í gildi er einungis bráðabirgðaleyfi.

Jafnframt lagt fram bréf Bræðra og systra frá í dag, 29. júní, þar sem óskað er eftir fullgildu vínveitingaleyfi fyrir rekstur þeirra á Hótel Tanga Vopnafirði.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að veita Bræðrum og systur ehf. umbeðið vínveitingaleyfi, enda liggja öll tilskilin leyfi fyrir.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

5. mál Aðalfundur SSA, sem haldinn verður dagana 6. og 7. október nk. á Hornafirði.

-Kosning fulltrúa-

Tekin fyrir kosning fulltrúa á aðalfund SSA, sem haldinn verður dagana 6. og 7. okt. nk.

Fram kom svofelld tillaga um aðal -og varamenn:”Aðalmenn: Anna Pála Víglundsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir og Björn Halldórsson og varamenn: Aðalbjörn Björnsson og Guðrún Anna Guðnadóttir

Fyrirliggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

6. mál Landsþing Sambands sveitarfélaga, kosning fulltrúa. 1 fulltrúi og 1 til vara

Tillaga kom fram um aðalmann: Aðalbjörn Björnsson og varamann: Anna Pála Víglundsdóttir.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrír sátu hjá.

7. mál Bréf tveggja bænda dags. 8. júní sl., varðandi refaveiðar.

Lagt fram bréf dags. 8. júní sl., varðandi refaveiðar í Vopnafirði. Jafnframt lagt fram bréf þar sem farið er yfir handhafa slíkra leyfa og hvernig þeim er skipt upp í stykki.

Allmiklar umræður urðu um fyrirliggjandi bréf, þar sem fundarmenn gerðu grein fyrir sjónarmiðum

sínum.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við málsaðila og leita lausna í uppkomnu máli.

8. mál Ýmis bréf og fundargerðir:

a) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 8. júní sl.

b) Bréf forsætisráðuneytisins dags. 20. júní sl., varðandi styrkveitingu.

Oddviti óskaði síðan eftir því að tekið yrði á dagskrá erindi íbúa á Kolbeinsgötu varðandi hraðakstur og var það samþykkt.

9. mál Undirskriftalisti varðandi hraðakstur og hraðahindrun á Kolbeinsgötu.

Lagður fram undirskriftalisti dags. 26. júní sl. varðandi hraðakstur á Kolbeinsgötu og ósk um að sett verði upp hraðahindrun/hindranir á götunni til að hægja á umferð.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir málinu og kynntu hugmyndir um möguleika í gerð slíkra hindrana.

“Hreppsnefnd tekur jákvætt í að þegar verði hafist handa við hönnun og gerð hraðahindrana á Kolbeinsgötu svo ná megi niður umferðarhraða á götunni. Í þessu sambandi ber að óska umsagnar og heimildar vegagerðarinnar fyrir slíkri framkvæmd, þar sem um þjóðveg í gegnum þéttbýli er að ræða. Jafnframt verði bréfinu vísað til byggingar og skipulagsnefndar og farið yfir þörfina á hraðahindrunum annarsstaðar í þorpinu.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.